



Spáum 0,2% hækkun VNV í maí

Hagstofan birtir maímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 28. maí n.k.. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 1,4% í 1,6%.

Helstu áhrifavaldar milli mánaða

Breyting milli mánaða verður að okkar mati nær eingöngu vegna tveggja liða:

- **Bensín** (+0,10 prósentustiga áhrif). Samkvæmt verðmælingu okkar hefur smásöluverð á bensíni og díselolíu hækkað um 2,5% milli mánaða. Það var minniháttar munur á verðmælingum okkar og Hagstofunnar í apríl sem við teljum að fjari út og að mælingar Hagstofunnar sýni 2,0% hækkun milli mánaða.
- **Reiknuð húsaleiga** (+0,07 prósentustiga áhrif). Hagstofan notast við vegið meðaltal kaupsamninga seinustu þrjá mánuði við útreikning á reiknaðri húsaleigu. Vegna verkfalla lögfræðinga hjá sýslumannsembættinu var mjög fáum kaupsamningum þinglýst í apríl. Þetta þýðir að maímæling byggist nær alfarið á þinglýstum samningum í tveimur mánuðum; febrúar og mars. Til samanburðar byggðist aprilmælingin á þremur mánuðum eins og venja er; janúar, febrúar og mars. Íbúðaverð í janúar var lægra en febrúar/mars, sem skýrir hækkun á þessum lið milli mánaða.

Við búumst við að áhrif annarra liða verði minniháttar, en til samans verða þeir lítillaga til hækunar (+0,03 prósentustig).


Bráðabirgðaspá

Bráðabirgðaspá okkar gerir ráð fyrir 0,3% hækkun í júní, 0,1% lækkun í júlí og 0,2% hækkun í ágúst. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 1,5% í ágúst.

Helstu áhættuþættir


Stærsti óvissuþátturinn í spánni er sem fyrr flugfargjöld til útlanda, en verð á þeim getur verið breytilegt frá mínútu til mínútu og því getur skeikað

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Vísitala neysluverðs



Heimild: Hagstofa Íslands,



töluverðu frá verðmælingu greiningaraðila og Hagstofunnar sjálfrar.

Vegna verkfalla lögfræðinga hjá sýslumannsembættinu skilar hækkun húsnæðisverðs sér ekki inn í VNV þar sem kaupsamningum er ekki þinglýst. Ef verð húsnæðis heldur áfram að hækka má búast við skarpri hækkun á VNV þegar verkfallið leysist. Þau áhrif fara þó bæði eftir því hversu lengi verkfallið stendur og hver þróunin verður á íbúðaverði en við búumst almennt séð við áframhaldi á nafnverðshækkunum húsnæðisverðs á næstu mánuðum.


Stærsti áhættuþátturinn í verðbólguþróuninni næstu misseri snýr sem fyrr að lendingu kjarasamninga stærstu hópa vinnumarkaðarins. Verði samið um tuga prósentu hækkun launa, eins og kröfur sumra launþegahreyfinga hljóða upp á, mun það að öllum líkindum leiða til verulega aukinnar verðbólgu.

Vaxtahækkun í júní?


Yfirlýsing Peningastefnunefndar vegna vaxtaákvörðunarinnar á miðvikudag var nokkuð afdráttarlaus varðandi framvindu peningastefnunnar og gaf sterklega til kynna vaxtahækkun í júní.

„Vaxtalækkun Seðlabankans undir lok síðastliðins árs var byggð á snarpri hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga sem leiddi til hækkunar raunvaxta umfram það sem efnahagsástand og nærhorfur voru þá taldar gefa tilefni til. Í yfirlýsingum nefndarinnar á þeim tíma var hins vegar bent á að miklar launahækkunir og sterkur vöxtur eftirspurnar gætu grafið undan nýfengnum verðstöðugleika og valdið því að hækka yrði vexti á ný. Þróun kjaraviðræðna að undanfögnu ásamt hækkun verðbólguvæntinga og vísbendingum um öflugan vöxt eftirspurnar benda til þess að þessar aðstæður séu nú að skapast og því líklegt að hækka þurfi vexti þegar á næsta fundi nefndarinnar í júní.“

Framlag undirliða



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.